

Móðurleg ímyndun

Frá Jakobi og Laban,
um forvitnilega sögu um Hippókrates í Stjórn I,
að lækningabókum endurreisnartímans

Í fjórtánda aldar biblíuritinu Stjórn I¹ er að finna áhugaverða sögu um konu sem fæðir stúlkubarn með nokkuð óvæntu yfirbragði. Þessi saga er hluti af mun stærra og afdrifaríkara heildarmengi innan hugmyndasögunnar sem hefst, að því er virðist, á einni af goðsögum Biblíunnar og lýktar með því að sama hugmynd er á síðari öldum orðin viðurkennd vitneskja um hvað konur skuli forðast jafnt við getnað og á meðgöngu. Þessi hugmynd finnst því allt í senn sem trúarheimspekilegt dæmi frá fornöld fram á miðaldir, sem vísindaleg þekking í lækningabókum nýaldar, og sem eitt fjölmargra framlaga feðraveldisins til þeirrar greinar að setja konum tiltekin boð og bönn. Hér verða kannaðar helstu þekktu heimildir sem varpað geta ljósi á hugmyndina og þar með þá sögu sem skráð er í Stjórn I: hversu gömul hún er, hver þýðing hennar er og hvaða áhrif hún hefur haft á íslenska menningu og bókmenntir. Þessi hugmynd er sú að hugsanir og hughrif mæðra geti haft líkamlegar afleiðingar fyrir ófædd börn þeirra, og hefur af fræðimönnum verið nefnd *móðurleg ímyndun* (e. *maternal imagination*).

Sagan í heild sinni hljóðar svo, ásamt með kynningartexta sínum:

¹ Stjórn I er einn þriggja hluta mikillar biblíuþýðingur sem varðveitt er í handritum frá miðbiki fjórtánda aldar en kann að hafa orðið til í nokkrum áföngum á þrettánda öld og fram til þess tíma er handritið varð til. Sjá Haraldur Bernharðsson, „Stjórn“, *66 handrit úr fólum Arna Magnússonar*, ritstj. Svanhildur Óskarsdóttir, Reykjavík: Bókaútgáfan Opna 2013, bls. 158; um handritageymd Stjórnar sjá Reidar Astás (útg.), *Stjórn: tekst etter handskrifene*, 1. bindi, Riksarkivet: Osló 2009, bls. xviii–lxi. Ritari Stjórnar I fyllir upp í þýðinguna með innskotum sem hann hefur talið þýðingarmikil fyrir heildarverkið, svo sem ítarlegri landafræðilýsingu og öðrum fræðum, og þar er Stjórnarhandritið AM 226 fol. sérstaklega áhugavert en það inniheldur einnig Alexanders sögu, bréf Alexanders mikla til Aristótelesar, Gyðinga sögu og Rómverja sögu. Sjá Svanhildur Óskarsdóttir, „Um aldir alda: Veraldarsögur miðalda og íslenskar aldartölur“, *Ritið* 3/2005, bls. 111–133; og Sverrir Jakobsson, „Hin heilaga fortíð: Söguvitund og sameiginlegt minni í handritunum Hauksbók og AM 226 fol.“, *Ritið* 1/2013, bls. 147–164. Sverrir ber þetta Stjórnarhandrit saman við Hauksbók. Sá texti sem hér um ræðir er þar á meðal. Að öðru leyti hefur Sverrir Tómasson fjallað um Stjórn, sjá *Íslensk bókmenntasaga* 1, Reykjavík: Mál og menning, 2006, bls. 554–558, og sömuleiðis Reidar Astás, *An Old Norse Biblical Compilation: Studies in Stjórn*, New York: Peter Lang, 1991. Stjórn er texti sem legið hefur að miklu leyti óbættur hjá garði í norrænum fræðum; rannsakendur textans mætti nálega telja á fingrum annarrar handar. Titillinn fylgdi ekki verkinu upphaflega heldur er hann orðinn til á síðari öldum svo að hann hefur ekki í sjálfu sér gildi fyrir skilning okkar á innihaldi ritsins eða ætlun höfunda með efni þess. Skiptingu Stjórnar í þrjá hluta er hér haldið í heiðri að fordæmi Carls Richards Unger.

Commestor segir sua. at þat er eigi uliklegt eðr undarligt. at burdrinn uerdi likr þeirri mynd eðr likneskiu. sem hon séér í sidarsta punct lostagirndarinnar sua sem hun uerdr at honum hafandi. meðr þi at Jeronimus segir sua. at þetta sama uerdi meður horsunum í Spania. Ok sá meistari sem Quintillianus het uernaði sua nokkura fru. þa sem fæddi sua sem blalendzkan burð. at hann þrofaði þat af þi sua uordit hafa. at hon hafði þers háttar likneski seed í þann punct sem burdrinn byreadiz meðr henni. Ok í bokum Ypocratis finnz þat skrifat. at menn ætluðu at pina þa konu sem hon hafði fæðt hardla uænt mey barn miok ulikt bæði fedr ok meðr ok þar meðr öllu þeirra kyni. þar til er þersi hinn sami Ypocras bad menn leita ok foruitnaz. ef þilik skrifan fyndiz skrifat í þeim suefnklefa sem barnit uar byriat i.²

Stjórnartextar blanda mismiklu magni af guðfræðilegum útlekkingum við eiginlega þýðingu á bókum Biblíunnar og er þá stuðst við helstu kennivaldsmenn kirkjunnar á fyrri öldum. Textabrotið hér að ofan er nánari útlekking á sögunni af Laban og Jakob úr þritugasta kafla 1. Mósebókar og er til þess höfð með í ritinu að veita lesandanum staðfestingu á því að mark sé takandi á sögunni, en hún fjallar um það hvernig Jakob hefur áhrif á lit lamba í móðurkviði með því að vekja ánum viss hughrif sem stýra áttu því hvaða litir eða mynstur kæmu fram í ullinni.³ Útlekkingin fylgir fyrirsögninni *speculum hystoriale* sem merkir „söguspegill“ og gefur til kynna upprunann; íslenskufraeðingurinn Jakob Benediktsson (1907–1999) hefur enda sannreynt að heimild Stjórnarskrifara fyrir þessum merku vísindum sé samnefnt rit Vincentíusar frá Beauvais sem ritað var fyrir miðja þrettánda öld. Fyrir utan Biblíuna sjálfa er *Speculum hystoriale* ein helsta heimild Stjórnar og sömuleiðis ritsins *Historia scholastica* eftir Pétur Comestor, sem fullritað var um 1173 og einnig er vísað til fremst í tilvitnuninni hér að ofan.⁴ Þá má nefna hin ýmsu verk Ágústínusar frá Hippó (354–430) og Orðsifjar Ísidórs erkibiskups úr Sevilla (ritaðar fyrir 636), sem ritarar Stjórnar vitna skilmerkilega til víða í ritinu.

Sagan af Hippókratesi sem birtist í tilvitnaðri útlekkingu er ekki síst merkileg fyrir tvennar sakir: annars vegar þær að hún lýsir hugmynd sem átti eftir að verða viðtekinn sannleikur í lækisfræði sextánda og sautjándu aldar, og hins vegar fyrir það að fræðimenn sem fjallað hafa um efnið — með einni áhugaverðri undantekningu sem gerð verður grein fyrir hér á eftir — hafa lítið haft fyrir því að rannsaka fornar rætur þessarar hugmyndar. Hér má nefna feminíska heimspekinginn Margrit Shildrick sem segir í grein sinni „Maternal Imagination: Reconceiving First Impressions“ að lítið hafi farið fyrir hugmyndinni fyrir en á sextánda öld þegar hún fyrst birtist í viðurkenndum textum, jafnvel þótt í þeim textum sé vísað í þekkt kennivald fyrri alda til að styðja staðhæfingarnar.⁵ Hér er ef til vill skilgreiningarmunur á því hvaða texti telst vera kennivald eða í hvaða samhengi. Menningarsagnfræðingurinn Marie-

² Carl Richard Unger, *Stjórn: Gammelnorsk bibelhistorie fra verdens skabelse til det babyloniske fangenskab*, Christiania [Ósló]: Feilberg & Landmark, 1862, bls. 178–179.

³ Jakob er einn ættfedra Ísraelsmanna, sá þriðji sem gerði sáttmála við Guð, en afkomendur Esaú bróður hans urðu meðal þeirra sem áttu eftir að kúga Ísraelsmenn um aldabil. Jakob hefur af túlkendum Biblíunnar þótt töluvert ólíkindatól og er erfitt að henda reiður á því hvers vegna svo flærðarfullur maður varð einn af drottins útvöldu. Nánar um það hjá John E. Anderson, „Jacob, Laban, and a Divine Trickster? The Covenantal Framework of God’s Deception in the Theology of the Jacob Cycle“, *Perspective in Religious Studies* 36:1/2009, bls. 3–23. Á hinn bóginn eru svik Jakobs við Laban forsenda alls veraldlegs auðmagns hans sem gerir honum kleift að fara og uppfylla örlög sín. Sagan af Jakobi og Laban er því mikilvægur hluti af sögu Ísraelsmanna og þar af leiðandi ómissandi í hverju trúarriti á við Stjórn. Sjá t.d. Charles Mabee, „Jacob and Laban: The Structure of Judicial Proceedings (Genesis XXXI 25–42)“, *Vetus Testamentum* 30:2/1980, bls. 192–207; J.J. Finkelstein, „An Old Babylonian Herding Contract and Genesis 31:38“, *Journal of the American Oriental Society* 88:1/1968, bls. 30–36.

⁴ Jakob Benediktsson, „Some Observations on Stjórn and the Manuscript AM 227 fol.“, *Gripla* 15/2004, bls. 7–42, hér 24.

⁵ Margrit Shildrick, „Maternal Imagination: Reconceiving First Impressions“, *Rethinking History: The Journal of Theory and Practice*, 4:3/2000, bls. 243–260, hér 246.

Hélène Huet er á svipuðum slóðum í riti sínu *Monstrous Imagination*, enda þótt hún nefni að trú endurreisnarmanna á þetta fyrirbæri hafi verið arfur úr fornöld þá hefur hún engan fyrir því nema sextánda aldar manninn Ambroise Paré og kannar ekki heimildir hans nánar, ekki frekar en Shildrick.⁶ Huet heldur á sama stað fram þeirri skoðun að endurreisnarhugmyndir um getnað hafi verið undir áhrifum frábrugðinna hugmyndakerfa þeim sem ríktu á fyrri öldum, en líklega er munurinn ekki eins afgerandi og hún gefur í skyn, að minnsta kosti ekki nákvæmlega sá þáttur getnaðar sem hér er til umræðu líkt og sýnt verður fram á hér á eftir.⁷ Þess er einnig rétt að geta að ekki er vitað til þess að hugmynd þessi hafi áður verið tekin til umfjöllunar á íslensku.

Hugmyndin, sem mætti nefna *móðurlega ímyndun* á íslensku (e. *maternal imagination*), hefur að jafnaði verið talin til hugmyndaheims endurreisnartímans.⁸ Enginn munur er á hugmyndinni eins og hún er útskýrð í Stjórn I og eins og hún birtist á síðari öldum. Hún felur í sér að á meðgöngu eða á augnabliki getnaðar geti kona gert sér í hugarlund, séð eða rifjað upp, einhvers konar fígúru, mennska eða ómennska. Áhrifin af ímyndun móðurinnar, þeim hughrifum sem sýnin eða hugmyndin veldur henni, skila sér síðan til fóstursins sem tekur á sig mynd þess sem lét á sér kræla í hugskoti móðurinnar. Dæmin úr Stjórn I eru þess háttar að í því fyrra fæðir kona barn sem sýnilega er af öðru litarhafti en hún og er sagt líkjast barni Blálendinga.⁹ Í því tilviki reynist líkneskja af manneskju úr þeim heimshluta vera áhrifavaldurinn. Í því síðara sýnir Hippókrates fram á þessi sömu áhrif með því að móðirin hafi lesið eitthvað svo að barnið hafi af þeim sökum orðið frábrugðið foreldrum sínum og fjölskyldu í útliti, enda þótt vænt væri að öllu leyti. Með þessu móti má sannreyna frásögnina um Laban og kynbótafíff Jakobs sem nánar verður sagt frá hér á eftir, ásamt áminningu til lesandans um að ástunda hreina hugsun í hvívetna, ellegar gæti sitthvað misjafnt slæðst úr vitundinni inn í raunveruleikann.

Í bók sinni *Embodying the Monster* rekur Margrit Shildrick sambærileg dæmi frá síðari öldum. Þar má nefna konu eina í Frakklandi sem á seinni hluta sautjándu aldar fæddi loðna ófreskju og þótti afkvæmið miður frýnilegt. Yfirheyrslur leiddu í ljós að kona þessi hafði séð apa í farandsýningu þegar hún var á fimmta mánuði meðgöngu. Af því tilefni settust meðlimir Konunglega breska vísindafélagsins á rökstóla árið 1668 og um það gættust hvort skepna þessi hefði mannlega sál, ellegar í því tilfelli að hún hefði ekki mannlega sál, hvað hefði þá orðið um sál hennar um fimm mánaða aldurinn þegar umbreytingin átti sér stað í móðurkviði.¹⁰ Árið 1735 átti að

⁶ Marie-Hélène Huet, *Monstrous Imagination*, Cambridge, MA: Harvard University Press, 1993, bls. 13; Margrit Shildrick, „Maternal Imagination“, bls. 246.

⁷ Margrit Shildrick, „Maternal Imagination“, bls. 246; Marie-Hélène Huet, *Monstrous Imagination*, bls. 13. Einnig má nefna Norman R. Smith, „Portentous Births and the Monstrous Imagination in Renaissance Culture“, *Marvels, Monsters, and Miracles: Studies in the Medieval and Early Modern Imaginations*, Kalamazoo, Mich: Medieval Institute Publications, 2002, bls. 267–283; Anna Wicczorkiewicz, *Monstruarium*, Gdansk: Slowo/obraz terytoria, bls. 101–134; Herman W. Roodenburg, „The Maternal Imagination: The Fears of Pregnant Women in Seventeenth-Century Holland“, *Journal of Social History*, 21/1988, bls. 701–716. Öll fjalla þau um móðurlega ímyndun sem afurð endurreisnartímans.

⁸ Ekki svo að skilja að á milli miðalda og endurreisnar liggja raunveruleg skil sem aðgreini tímabilin tvö. Þau skil eru, til hins betra eða verra, tilbúningur sagnfræðinga. Sbr. Jacques Le Goff, „Hinar löngu miðaldir“, þýð. Torfi H. Tulinius, *Ritið* 3/2005, bls. 9–18. Nýlegustu atrennu Le Goffs að þessari kenningu sinni má finna í hinsta riti hans: Jacques Le Goff, *Must We Divide History into Periods?* (á frummáli: *Faut-il vraiment découper l'histoire en tranches?*) Þýð. M.B. Debevoise, New York: Columbia University Press, 2015.

⁹ Um svonefnda Blálendinga eða blámenn sjá Arngrímur Vídalín, *Skuggsjá sjálfins: Skrímsl, jöðrun og afmennskun í lardómshefð íslenskra sagnaritara 1100–1550*, Reykjavík: Hugvísindasvið Háskóla Íslands 2017, bls. 161–191.

¹⁰ Margrit Shildrick, *Embodying the Monster: Encounters with the Vulnerable Self*, London: SAGE Publications, 2002, bls. 41.

senda hina ensku Elizabeth Spencer til refsivistar í Ástralíu fyrir búðahnúpl, en þar sem hún var þunguð fékk hún frestað afplánun dómsins uns barnið væri fætt. Þegar hún loks fæddi barnið var það afmyndað: að sögn hafði það tvö nef, liðamótalaus handleggi, enga neðri útlími utan vísi að fótum sem stóðu út úr neðri hluta búksins, og sitthvað fleira var sömuleiðis í ólagi. Þetta var talið til marks um að Elizabeth hefði gert eitthvað ónáttúrulegt af sér, en hennar eigin skýring var á þá leið að ekkert hefði getað orsakað þessa afmyndun barnsins nema andlega álagið sem dómur hennar hafði haft í för með sér, nánar tiltekið ótti hennar við framandi áströlsk villidýr.¹¹

Franski skurðlæknirinn Ambroise Paré hafði um rúmum tveim öldum fyrr, árið 1528, ritað bókina *Livre des monstres*, sem lýsti margs konar fæðingargöllum og öðrum líkamlegum frávikstilfellum. *Livre des monstres*, sem frá fyrstu tíð var myndskreytt, lesendum hennar til hrellingar, heyrir undir rannsóknarsvið teratólógíu sem enn er fræðilegt heiti þeirrar greinar læknisfræði sem fæst við lífeðlisfræðilegar afmyndanir.¹² Í raun merkir orðið *skrímslafræði* og er dregið af gríska orðinu *teras* (τέρας). Í bók sinni útskýrir Paré meðal annarra hluta móðurlega ímyndun á tveim stöðum hið minnsta. Fyrri frásögnin er höfð eftir 16. aldar heimspekingnum Lýkosþenesi og segir af tvíhöfða stúlku sem fæddist í Bæjaralandi. Þegar hún var stálpuð fór hún fólks á milli og betlaði og þótt flestir gæfu henni gjarnan ölmusu sakir undarlegs útlíts hennar var hún loks rekin á brott, enda var talið að hún gæti spillt meðgöngu kvenna svo að ímyndunarafli þeirra gæti af sér sams konar skrímsl og hana sjálfa.¹³ Síðara tilvikið er öllu ítarlegra og inniheldur nokkur dæmi. Paré skilgreinir fyrirbærið og nefnir helstu heimildarmenn sína: Aristóteles, Hippókrates og Empedókles:

Formmenn sem nema vildu leyndardóma eðlisins (þ.e. Aristóteles, Hippókrates, Empedókles) hafa frætt oss um aðrar orsakir skrímslislegra barna og hafa heimfært þær upp á þau áköfu og þrálátu hughrif sem móðirin gæti orðið fyrir á augnabliki getnaðar — með tilstuðlan einhvers hlutar, eða fjarstæðukennds draums — um vissar nætursýnir sem maður eða kona fær á stund getnaðarins. [...] Enn fremur er unnt að sjá að kanínur og páfuglar sem eru lokaðir inni í hvítu rými, fyrir sakir náttúru ímyndunarafllins, geta hvít afkvæmi. Af því leiðir að það er konum nauðsynlegt — við stund getnaðar og þegar barnið er ekki enn myndað (sem tekur um þrjátíu til þrjátíu og fimm daga fyrir sveinbörn en fjörutíu eða fjörutíu og tvo, svo sem Hippókrates segir, fyrir meybörn) — að þurfa ekki að horfa upp á eða ímynda sér skrímslislega hluti; en er barnið loks er fullmyndað í móðurkviði, jafnvel þótt konan myndi horfa á eða ímynda sér skrímslislega hluti af ákefð, þá engu að síður myndi ímyndunaraflið ekki hafa neitt að segja, því engin umbreyting á sér stað þar sem barnið er almyndað.¹⁴

Saga Parés af Hippókratesi er sögð með sama hætti og í Stjórn I nema hér er nákvæmar sagt frá: Prinsessa ein fæðir barn „svart sem mára“ en Hippókrates kemur henni til bjargar og bendir á að hún hafi haft mynd af svörtum manni við rúmið sitt sem sé að sönnu hin einasta orsök þessara litbrigða. Paré vitnar einnig til sambærilegrar sögu Helíódórusar af drottningu og konungi í Eþíópíu sem eignuðust hvítt barn því að drottningin hafði málverk af hvítu gyðjunni Andrómedu fyrir augunum þegar getnaður varð. Annað dæmi sem hann nefnir er vitnisburður Jóhannesar frá Damaskus sem segist hafa séð stúlku sem var loðin sem bjarndýr, en

¹¹ Sama rit, bls. 32.

¹² Orðið *afmyndun*, sem bersýnilega er gildishlaðið, mun sjálft áreiðanlega heyra sögunni til innan tíðar í stað hlutlægara orðs á við *frávik*.

¹³ Ambroise Paré, *On Monsters and Marvels*, þýð. Janis L. Pallister, Chicago: The University of Chicago Press, 1982, bls. 8–9.

¹⁴ Ambroise Paré, *On Monsters*, bls. 38–40. Mín þýðing.

móðirin hafði getið hana samtímis því að hún einblíndi helst til mikið á mynd af skeggjuðum og síðhærðum Jóhannesi skírara íklæddum skinnklæðum.¹⁵

Frumheimild allra þessara frásagna hlýtur þó að vera þrítugasti kafli 1. Mósebókar sem nefndur var hér í upphafi og hangir í endursögn saman við kaflann um móðurlega ímyndun í Stjórn I¹⁶ og sem Paré vitnar til með þeim orðum að þetta fyrirbæri sé „jafnvel staðfest af kennivaldi Móse.“¹⁷ Þessi kafli fjallar um það þegar Jakob gerir samkomulag við tengdaföður sinn, Laban, um að Jakob fái að hafa hverja svarta kind meðal sauða Labans svo og hverja spreklótta og flekkótta geit, úr hjörð sem á að heita alhvít:

Á þeim degi skildi Laban frá alla rílóttu og spreklóttu hafrana og allar flekkóttu og spreklóttu geiturnar, allt það sem hafði á sér einhvern hvítan díl og allt hið svarta meðal sauðanna og fékk sonum sínum. Hann sá til þess að þrjár dagleiðir væru milli sín og Jakobs. En Jakob gætti þeirrar hjarðar Labans sem eftir varð. Og Jakob tók sér stafi af grænni ösp, möndluviði og hlyni og skóf á þá hvítar rákir, með því að nekja hið hvíta á stöfunum. Því næst lagði hann stafina, sem hann hafði birt, í þrórnar, í vatnsrennurnar, sem féð kom að drekka úr, beint fyrir framan féð; en ærnar fengu, er þær komu að drekka. Þannig fengu ærnar uppi yfir stöfunum og ærnar áttu rílótt, flekkótt og spreklótt lömb. Og Jakob skildi lömbin úr og lét féð horfa á hið rílóttu og alt hið svarta í fé Labans; þannig kom hann sér upp sérstökum fjárhópum og lét þá ekki saman við hjörð Labans. Og um allan göngutíma vænu ána lagði Jakob stafina í þrórnar fyrir framan féð, svo að þær skyldu fá uppi yfir stöfunum. En er rýru ærnar gengu, lagði hann þá þar ekki. Þannig fékk Laban rýra féð, en Jakob hið væna.¹⁸

Hugmyndin um móðurlega ímyndun er því sannarlega forn, því að þótt óhægt sé um vik að tímasetja 1. Mósebók nákvæmlega er hún í núverandi mynd talin vera frá tíma babýlónsku útleðarinnar eða skömmu eftir hana og er þá gjarnan miðað við ártalið 550 fyrir Krist; hins vegar gæti vel hugsast að einhverjar sögur Mósebóka séu enn þá eldri. Laban merkir *hvítur* og táknar í sögunni þann sem á yfirborðinu er hreinn og óspilltur en hvers gjörðir hafa neikvæðar afleiðingar. Hér er því á ferðinni ein útgáfa gamla orðskviðarins um að misjafn sauður sé í mörgu fé og ekki eigi að dæma bókina eftir kápunni. Það er táknrænt að Jakob svindlar á Laban með því að kynbæta mynstraða féð en rýra hvíta hluta stofnsins, en gjörðir Jakobs verða engu að síður til góðs. Hið góða finnst því einnig í því mislita. Skýringardæmum Stjórnar I virðist vera ætlað, samkvæmt æðsta kennivaldi, að sýna fram á að þau hughrif sem Jakob hugvitssamlega beitir séu raunveruleg, til að staðfesta bókstafinn með tilvísan til þekktasta læknis fornaldar.

Þótt það hafi ekki verið ætlunin virðist þessi saga, ásamt með hinum fræðilegu útlekkingum á henni, hafa haft ófyrirséðar afleiðingar. Konum síðari alda var miskunnarlaust kennt um ótrúlegustu hluti sem aflaga gátu farið á meðgöngu og sú trú verður almenn að með óbeisludu ímyndunarafli sínu geti konur verið gátt fyrir hið illa. Með því að móðirin er sökuð um allt sem aflaga kann að fara á meðgöngu er hún sjálf jaðarsett og kúguð. Niðurstaða þeirrar ásökunar sem felst í hugmyndinni um móðurlega ímyndun er sú að konur og hugarfl fari ekki saman.

¹⁵ Sjá Ambroise Paré, *On Monsters*, bls. 38.

¹⁶ Sjá Unger, *Stjórn*, bls. 177–178.

¹⁷ Ambroise Paré, *On Monsters*, bls. 38.

¹⁸ *Biblían: Heilög ritning*. Reykjavík: Hið íslenska Biblíufélag og JPV, 2012. Hér 1Mós 30.35–42.

Enn nefnir Ambroise Paré frekari dæmi sér til halds og trausts. Sérlega áhugaverð er saga sem hann segir af barninu sem fæddist með andlit frosks árið 1517 í kirkju-sókninni Bois-le-Roi í Bièreskógi¹⁹ í Frakklandi. Til að auka trúverðugleika sögunnar eru nefnd nöfn allra helstu vitna: Foreldrarnir hétu Esme Petit og Magdaleine Sarboucat. Skurðlæknirinn Jean Bellanger sá barnið í fjölmargra nafngreindra votta viðurvist og vildi vita hvernig þetta skrímsl hefði orðið til. Reyndin var sú að nágrannakona þeirra hafði sagt Magdaleine að hún gæti losað sig við háan hita með því að halda lifandi froski í hendinni og sleppa honum ekki fyrr en hann dæi. Það hið sama kvöld og Magdaleine beitti húsráði nágrannakonunnar átti hún nána en óvænta stund með manni sínum í rúmi þeirra og var fyrir misgáning enn með froskinn í hendinni. Áhrif frosksins í lófa hennar gerðu að verkum að þetta skrímsl var getið í stað venju-legs barns.²⁰ Sambærilegar hugmyndir þekkjast einnig í þjóðsögum síðari alda á Íslandi. Til að mynda segir í þjóðsögum Jóns Árnasonar að vanfærar konur skuli varast að drekka af sama vatni og jörturdýr ella jórtri barnið þegar það



Mynd 1: Tvö börn: Hið hægra er loðið stúlkubarn, hið vinstra fætt svart á hörundslit vegna hughrifa foreldra þess (fengið úr Paré, *On Monsters*, bls. 39).

verður stálpað, að konur með barni skyldu ekki horfa á norðurljós því að þá muni barn þeirra tina, að borði ólétt kona gómfillu úr sel verði barnið holgóma. Eitt áhugaverðasta dæmið hljóðar upp á að ekki megi „ganga á þrúgum inn fyrri bæjar-dyrastaf þar sem þunguð kona er í bæ ellegar hvort annað hús þar sem þær fyrri eru; þá verða börnin með kringlóttum skófæti því líkum sem þrúga væri.“²¹

Sem fyrr afmarkast dæmin öll við það hvað hættandi er á að þungaðar konur upplifi. Enn þekkjast og sambærilegar hugmyndir víðar, svo sem sú í Noregi að sjái vanfær kona héra fæðist barnið með skarð í vör.²² Þessa hugmynd má til að mynda finna í norsku skáldsögunni *Gróðri jarðar* eftir Knut Hamsun, en Ingigerði þykir hún vera vansköpuð sakir þess að hún fæddist með skarð í vör. Þegar Andrés Lappi sýnir Ingigerði óléttu héra sem hundur hans hefur veitt hefur það þau áhrif að hún fæðir síðar dóttur með skarð í vör, „það versta af öllu“ að hennar álitu, enda hefur hún bitra reynslu til að miða við. „Á einum tíu mínútum var hún búin að ala barnið og drepa það.“²³ Reikna má með því að þjóðsögur þessar hafi þegar verið aldagamlar er þeim var safnað úr munnmælum, en um beinan skyldleika þeirra við móðurlega ímyndun eins og hún kemur fyrir í áðurnefndum heimildum skal ósagt látið. Um líkindin verður þó ekki efast.

¹⁹ Þetta er gamalt heiti á Forêt de Fontainebleau sem er í héraðinu Seine-et-Marne.

²⁰ Ambroise Paré, *On Monsters*, bls. 38–40.

²¹ Jón Árnason, *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri* 2, Reykjavík: Bókaútgáfan Þjóðsaga, 2003, bls. 524–525; Jón Árnason, *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri* 5, Reykjavík: Bókaútgáfan Þjóðsaga, 2003, bls. 473.

²² Sömu hugmynd má vitanlega finna víðar, sbr. lýsandi heiti fyrirbærisins á ensku og í frönsku: *harelip* annars vegar og *bec-de-lièvre* hins vegar.

²³ Knut Hamsun, *Gróður jarðar*, þýð. Helgi Hjörvar, Reykjavík: Almenna bókafélagið, 1960, bls. 43 og 53–54.

Enn má nefna tengda ef ekki afleidda hugmynd um skrímslislega nýbura sem fyrirboða um einhver ókomin merkistíðindi. Stjórn I telur Ísidór upp meðal heimildarmanna sinna og þótt ekki sé vitnað í þar að lútandi kafla í Orðsifjum hans má telja óyggjandi að Stjórnarskrifari hefur þekkt hann. Ísidór hefur kafla sinn um fyrirburði (lat. *de portentis*) á því að hafna hugmynd rómverska fræðimannsins Markúsar Terentíusar Varrós um að fyrirburðir séu getnir í andstöðu við náttúruna þar sem ekkert geti orðið til nema fyrir vilja og atbeina Guðs, og endurómar þar samhljóðandi rök Ágústínusar sem sett voru fram í Guðsríkinu.²⁴



Mynd 2: Fyrirburður: barn fætt með andlit frosks (fengið úr Paré, *On Monsters*, bls. 41).

Andstætt Ágústínusi þó skilgreinir Ísidór skrímsl gegnum orðsifjar: *monstrum* eru þau sem gefa til kynna (*demonstrare*) eða sýna beint (*monstrare*) það sem mun koma fram. Þar með eru sumir fyrirburðir til þess skapaðir að gefa til kynna óorðna hluti, því að Guð vilji stundum sýna aðstedjandi hættu með fæðingargöllum, rétt eins og hann geri með draumum og spásögnum. Þar með táknaði undrið þegar meri kastaði ref endalok veldis Xerxesar. Annað dæmi sem hann tekur er um konu sem fæddi barn hvers efri hluti var mennskur en andvana, en neðri hlutinn var blanda ólíkra dýra og lifði. Þetta átti að tákna að Alexander mikli yrði myrtur, þar sem verri hluti barnsins hafði lifað þann betri.²⁵ Ísidór

segir enn fremur að slíkir fyrirburðir lifi ekki lengi, sem vekur upp hugrenningatengsl við dreng sem getið er í íslenskum annálum frá miðöldum. Resensannáll er talinn þeirra elstur og þaðan er klausan því líklega afrituð inn í yngri annála, en þar er sagt frá þessum dreng á eftirfarandi hátt í færslu fyrir árið 389 eftir Krist:

A þessum tímum uar fœddr i Emaus a Jorsala landi suæinn sa sœm tuiskiptr var upp fra nafla. oc hafde ii. briust oc hofuð oc .ii. skilningar. oc þa opt er annarr at oc dracc. at annarr ekki ne dracc. oc stundum vacte þa annarr er annar suaf. stundum barðuz þær sin i milli. þær lifðu ner .ij. vætr. oc lifði annarr iiiii. dagum længr en annarr.²⁶

Aldrei hefur fengist neinn botn í mikilvægi þessarar frásagnar, sem þó greinilega er töluvert, fyrst þessar sérstæðu upplýsingar birtast í hér um bil hverjum einasta annál fram á sextánda öld. Mikilvægið virðist vera bundið við þá hugmynd Ísidórs að skrímsl og fyrirburði bæri að túlka í von um að sjá fyrir óorðna hluti. Skrímsl af þessum toga gátu jafnframt verið teikn um yfirvofandi heimsendi og mögulega verður sagan af móðurlegri ímyndun í Stjórn I merkingarbær í þessu samhengi.²⁷

²⁴ Sjá Ágústínus, *The City of God Against the Pagans*, 7, þýð. G.E. McCracken o.fl., Cambridge, MA: Harvard University Press, 1965, bls. 40–49.


²⁵ Ísidór frá Sevilla, *The Etymologies of Isidore of Seville*, þýð. Stephen A. Barney o.fl., Cambridge: Cambridge University Press, 2010, bls. 243–244.

²⁶ Gustav Storm, *Islandske annaler indtil 1578*, Christiania [Ósló]: Grøndahl & søns bogtrykkeri, 1888, bls. 5.

²⁷ Þess má geta að sama saga finnst í einni af heimildum Vincentíusar sem sjálfur er einn frumheimildarmanna Stjórnar. Sjá nmgr. 32.

Nú hefur verið sýnt að hugmyndin um móðurlega ímyndun er að minnsta kosti jafngömul 1. Mósebók enda til hennar vitnað í Stjórn I, en hvaðan kemur þessi saga af Hippókratesi upphaflega? Vitað er að á árnýöld enduruppgötvaðist stór hluti klassískra bókmennta sem hafði gleymst milli þilja sögunnar. Það liggur því beint við að ætla að læknisfræðilegar stúdíur á börnum sem afmyndast höfðu fyrir ímyndun móður sinnar séu sprottnar úr klassískri læknisfræði.

Ekki síður virðist það vera líklegt þegar það er rífað upp að ritari Stjórnar I nefnir sjálfan Hippókrates til sögunnar í tengslum við sams konar læknisfræðilega greiningu, og heldur því raunar fram að hann segi sjálfur frá þessu í einhverju rita sinna.²⁸ Þetta stenst þó ekki. Ég hef gengið úr skugga um, að svo miklu leyti sem mér var það unnt, að hugmyndin um móðurlega ímyndun finnst hvergi í hinum varðveittu hippókratísku ritum er varða kvensjúkdómafræði, fæðingar, fósturmyndun eða börn. Aðeins er um tvær óljósar vísbendingar að finna sem ekki



Mynd 3: Mynd af kvenskrímli án höfuðs, framhlið og bakhlið (fengið úr Paré, *On Monsters*, bls. 36).

teljast fullnægjandi til samanburðar, annars vegar úr hippókratísku ritgerðinni *Um eðli barnsins*, þar sem segir að allt sem hefur áhrif á barn í móðurkviði geri það um móður til fósturs „rétt eins og það sem vex í moldinni nýtur einnig næringar sinnar frá moldinni, og allir eiginleikar sem moldin ber með sér, þeir eiginleikar færast einnig til þess sem vex í henni“.²⁹ Hins vegar er í ritgerðinni *Aukafósturmyndun*³⁰ talað um að skyldi þunguð kona kjósa að borða mold eða kol og geri svo (fyrir þessu er ekki gefin nein ástæða í ritinu) muni barnið fæðast með merki þess á höfðinu.³¹ Hér eru orsök og afleiðing líkari því sem gerist í skráðum þjóðsögum og í raun er hugsunin önnur en sú sem birtist í sögunni af Laban og Jakobi; hippókratíski textinn orkar meir á lesandann eins og varnaðarorð en sem dæmisaga um að ekki sé allt gull sem glóir. Hugsunin er þó aldrei orðuð eins og hún kemur fyrir í síðari heimildum á við Stjórn I.

Það að ofangreind hugmynd hafi aldrei tilheyrð hippókratísku ritunum verður þó ekki sannað *ex silentio* og vera má að upphaflega hafi skýrari hugmynd um móðurlega ímyndun komið fram í einhverju hippókratísku ritanna en síðar glatast. Sagan greinir sig þó frá hefðbundnum lýsingum Hippókratesar að því leyti að hann setur sjálfan sig yfirleitt ekki í forgrunn líkt og þar er gert og mælir ógjarnan í fyrstu persónu, svo að það er vandséð hvernig saga þessi á að hafa passað inn í læknisfræði hans í þeirri mynd sem hún er varðveitt, þar sem hann sjálfur er aðalpersóna. Sá möguleiki er sennilegri að sagan hafi varðveist sjálfstæð, utan hinna eiginlegu hippókratísku rita, en verið snemma tengd hinum fræga lækni.

²⁸ Hér er rétt að taka það fram að almennt er ekki talið að einn höfundur sé að öllum ritum sem honum hafa verið eignuð. Því er jafnan talað um hin hippókratísku rit fremur en að ritin séu skrifuð af Hippókratesi, enda er ógjörningur að ganga úr skugga um hvaða hugmyndir eru frá honum sjálfum komnar.

²⁹ Hippókrates, *Hippocrates*, 10, þýð. Paul Potter, Cambridge, MA: Harvard University Press, 2010, bls. 60–63. Mín þýðing.

³⁰ Hér er átt við frjóvgun eggs og myndun annars fósturs í legi þar sem fóstur er þegar fyrir, superfetatio á latínu.

Þýðinguna fann ég í orðasafni um læknisfræði í orðabanka Íslenskrar málstöðvar (ordabanki.hi.is).

³¹ Hippókrates, *Hippocrates*, 9, þýð. Paul Potter, Cambridge, MA: Harvard University Press, 2012, bls. 330–331.

Elsta heimildin sem ég hef fundið um söguna af Hippókratesi er í þessu sambandi ekki síður merkileg fyrir þær sakir að enginn hefur hingað til borið Stjórnartextann saman við hana, og það þótt ritari Stjórnar nefni sjálfur heimildarmanninn í upptalningu sinni áður en að sögunni sjálfri kemur. Sá heimildarmaður er Hierónýmus kirkjufaðir, sá hinn sami og þýddi Biblíuna yfir á latínu, svonefnda Vúlgötu, og var því einna mestur áhrifamaður á það hvernig hún var túlkuð um alllangt skeið. Fyrstan nefnir Stjórnarritari Pétur Comestor, næstan Hierónýmus, þá Quintillianus og loks Hippókrates. Þessi texti er sem áður segir fenginn upp úr *Speculum historiale* eftir Vincentius frá Beauvais, líkt og þeir allir nefna, Stjórnarfræðingarnir Carl Richard Unger (1817–1897), Jakob Benediktsson og Reidar Astás (1930–2013). Sá síðasttaldi rekur tilvitnunina til Hierónýmusar en staðnæmist við *Speculum historiale* enda hafi Stjórnarskrifari fengið hana þaðan.³² En viljum við rekja uppruna hugmyndarinnar þarf að leita lengra. Sjálf er *Speculum historiale* að hluta byggð á *Chronicon sive chronographia* eftir Sigbert frá Gembloux (1030–1112)³³ en sá hluti textans er varðar þá Quintillianus og Hippókrates er þýðing úr *Quaestiones hebraicae in libro Geneseos* eftir Hierónýmus og það rit var ritað þegar á 4. öld. Fyrst fjallar Hierónýmus um Jakob og Laban, nefnir þá til samanburðar Quintillianus og hinn „blálenska burð,“ en sá texti er samhljóða textanum úr Stjórn I:

et Quintilianus in ea controuersia. in qua accusabatur matrona, quod Aethiopem peperit, pro defensione illius argumentetur hanc conceptuum esse naturam, quam supra diximus.

Ok sá meistari sem Quintillianus het uernaði suanockura fru. þa sem fæddi sua sem blalendzkan burð. at hann profaði þat af þi sua uordit hafa. at hon hafði þers háttar likneski seedi í þann punct sem burdrinn byreadiz meðr henni.

Þá kemur og fyrir sagan af Hippókratesi, og sem sjá má er textinn í Stjórn I eins og í fyrra dæminu hér um bil bein þýðing:

et scriptum reperitur in libris Hippocratis quod quaedam suspicione adulterii fuerat punienda, cum pulcherrimum peperisset, utriusque parenti generique dissimilem, nisi memoratus medicus soluisset quaestionem monens quarere ne forte talis pictura esset in cubiculo, qua inuenta mulier a suspicione liberata est.³⁴

Ok í bokum Ypocratis finnz þat skrifat. at menn ætluðu at pina þa konu sem hon hafði fæðt hardla uænt meybarð miok ulíkt bæði fedr ok meðr ok þar meðr öllu þeirra kyni. þar til er þersi hinn sami Ypocras bad menn leita ok foruitnaz. ef þilik skrifan fyndiz skrifat í þeim suefnklefa sem barnit uar byriat i.³⁵

Hugmynd sem af mörgum fræðimönnum er talin tilheyra árnýöld finnst þannig jafnt í íslenskri biblíuþýðingu frá miðri 14. öld og í riti eins kirkjufæðranna sem er um það bil þúsund árum eldri en sú biblíuþýðing.

Sagan af Hippókratesi hefur ekkert með hinn raunverulega Hippókrates að gera svo að vitað sé, en sönnunargögn þess efnis kynnu að vísu að hafa glatast í tímans rás. Enn fremur, þar sem ekki eru enn komin til skjalanna þau lækningarit sem kynnu að hafa innihaldið þessa hugmynd, þá er áhrifavaldur frásagnanna frá 16. og 17.

³² Reidar Astás, *An Old Norse Biblical Compilation*, bls. 170, gr. 18.

³³ Það rit inniheldur einmitt sömu sögu af tvískipta drengnum sem fæddist í Emmaus sem getið var fyrr og ljóst að texti annálanna er þýðing á sama texta, hvort sem *Chronicon* sive *chronographia* er frumheimildin eða ekki: „*Hoc tempore in castello Uideæ Emanus natus est puer perfectus ab umbilico ...*“ o.s.frv. Sjá Sigbert frá Gembloux, *Chronicon sive chronographia*, París: Henry Estienne & Jean Petit, 1513, bls. 4.

³⁴ Hierónýmus, *Quaestiones hebraicae in libro Geneseos*, ritstj. Paul de Lagarde, Leipzig: 1868, bls. 48.

³⁵ Unger, *Stjórn*, bls. 178–179.

öld ekki heldur fundinn, að minnsta kosti ekki í bili. Ráðgátan um þátt Hippókratesar í þessu öllu saman verður vonandi einn daginn leyst.³⁶ Þangað til er ekki annað hægt en að dást að þessu undarlega hugmyndavirki sem bindur saman Dalmatíuhérað Rómar á 4. öld, íslenskt klaustur á 14. öld og vestur-evrópska læknastrétt á árdaga nútímalæknavísinda á 16. og 17. öld, meðan þau enn byggðust á þeim gamla meiði sem gat af sér orðskviðinn sem allir nemendur Kristins Ármannssonar þekkja: *novus medicinus, nova sepulchrae*.

Að lokum skal nefnt að sögurnar af Hippókratesi og Quintillianusi er einnig að finna óbreyttar í riti bandaríska læknisins Williams P. Dewees (1768–1841) *Treatise on the Physical and Medical Treatment of Children* frá árinu 1825,³⁷ en hér hefur hugmyndinni um móðurlega ímyndun verið snúið á haus: Það er ekki lengur fyrirbærið sjálfst sem er vandamálið, heldur móðursýkislegur ótti kvenna við fyrirbærið sem nú þykir sýnt að er hjátruín ein.³⁸ Það er alveg sama á hvern veginn málið horfir, alltaf skal vera við konuna og hugarflug hennar að sakast. Dewees nefnir í framhjáhlaupi að lækurinn Galenus sem uppi var á annarri öld eftir Krist hafi trúað því að myndrænt áreiti gæti eitt sér orsakað fóstur í líkingu þess, en honum láist að vísu að geta frumheimilda jafnt hér sem annars staðar í bók sinni. Fyrir vikið verður ómögulegt að komast að því hvort hann hafi heimildir fyrir því að Hippókrates hafi aðhyllt hugmyndina eða hvort hann hefur það eftir öðrum heimildum sambærilegum þeim sem hér hafa verið ræddar. En miðað við útbreiðslu og vinsældir Galenusar á miðöldum gæti hér mögulega verið komin vísbending um uppruna sögunnar dularfullu um Hippókrates og Quintillianus sem rataði um Hierónýmus á fjórðu öld og Vincentíus á þrettánda öld inn í Stjórn I um miðja fjórtánda öld.

Þrátt fyrir að hugmyndin komi okkur fyrir sjónir sem frumstæð og jafnvel grimmileg bendir þjóðtruín, sem getið er um í þjóðsagnasafni Jóns Árnasonar meðal annarra og lifað hefur fram á okkar daga, til þess að ekki sé hún einasta órar misviturra fornanna — hvað þá nýaldarlækna — heldur ærið lífseig hugmynd sem kannski einmitt lifir í minni fólks sakir þess að hún vekur forvitni okkar um hið ómögulega og hið ókennilega burtséð frá því hvað læknavísindin segja á hverjum tíma.

Móðurleg ímyndun er sömuleiðis handhægt dæmi um gildi þess að kanna fyrirbæri yfir lengri tíma en hin klassískt afmörkuðu tímabil, þar sem saga hugmyndanna fer ekki endilega saman við flokkunarkerfi fræðimanna. Í einhverri mynd á hugmyndin um móðurlega ímyndun sér að minnsta kosti 2600 ára sögu, allt aftur í árdaga abrahamískra trúarríta, en í nákvæmlega þeirri mynd með sömu dæmisögum og gengu aftur allt fram á níttjándu öld eiga þau sér um 1600 ára sögu í stysta lagi. Án þess það sé ætlað nokkrum til hnjóðs hafa fræðimenn sem rannsaka endurreisnartímamann því miður farið á mis við þetta sakir þess tímabils sem þeir takmarka sig við.

³⁶ Hér gæti einfaldlega verið um falska tileinkun að ræða, ætlaða til þess að varpa ábyrgð höfundar á þekkt kennivald eða til að ljá textanum viðurkennt yfirbragð, nema hvort tveggja sé. Það er ekki sjálfsagt mál að treysta tileinkunum í miðaldartextum. Sjá Sverrir Tómasson, „Hvenær var Tristrams sögu snúið?“ *Gripla* 2, Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, bls. 47–78, hér 62.

³⁷ Williams P. Dewees, *Treatise on the Physical and Medical Treatment of Children*, Philadelphia, H.C. Carey & I. Lea, 1825. Sjá kaflann „On the Influence of Imagination upon the Fœtus in Utero“ bls. 26–32.

³⁸ Meðal annars segir hann: „To remove these apprehensions altogether from the minds of pregnant women, is perhaps impossible; so fixed are their prejudices, and so cherished are their impressions upon this subject, that it is no longer a matter of reason—is is one almost exclusively of feeling and fancy“, bls. 27.

Sömuleiðis hafa þeir fræðimenn sem fengist hafa við Stjórn, sem teljandi eru á fingrum annarrar handar, farið á mis við þetta vegna þess að þeir hafa helst einblínt á hinn kristilega þátt ritsins og sambærilega texta, einkum þá sem ritaðir voru á Íslandi á síðmiðöldum. En rétt eins og af litlu fræi vex oft stórt tré getur lítil hugmynd á við hina móðurlegu ímyndun sömuleiðis opinberað okkur mun stærri heim en virðist við fyrstu sýn blasa við.

Samantekt

Hér hefur hugmyndin um móðurlega ímyndun verið tekin til skoðunar og sýnt fram á að saga hennar samkvæmt bestu þekktu heimildum nær frá sjöttu öld fyrir Krist allt fram til okkar daga. Hugmyndin hefur tekið breytingum í aldanna rás en kjarninn er ávallt sá sami: frá því að Jakob var sagður hafa kynbætt búfénað Labans með ytra áreiti, til þess að konur voru taldar geta eignast barn í líkingu einhvers sem þær höfðu séð eða hugsað sér, líkt og kemur fyrir í Stjórn I og í lækningabókum endurreisnartímans, og að lokum hvernig sömu hugmynd bregður fyrir á síðustu öldum sem nánast sjálfsögðum ráðleggingum um hvað konum beri að forðast á meðgöngu. Biblíusagan, miðaldertextarnir, endurreisnarritin og þjóðlegur fróðleikur nýaldar hafa fram til þessa aðeins verið skoðuð hvert í sínu lagi, en þegar öllu er á botninn hvolft reynist um sama fyrirbæri að ræða í öllum tilfellum. Móðurleg ímyndun er ævaforð hugmynd sem ekki einasta var þekkt á Íslandi, heldur náði hún hér nokkuð rækilegri fótfestu líkt og víða annars staðar í nágrannaríkjum.